


Deloitte.



**Breytingar á ársreikningalögum –
einföldun og aukið flækjustig**

Signý Magnúsdóttir, endurskoðandi og
yfirmaður reikningsskila hjá Deloitte

Skattadagurinn, 19. janúar 2017



Einföldun

Megintilgangur breytinganna, eins og honum er lýst í frumvarpinu, er af hinu góða

Einföldun fyrir félög í landinu



Betrumbæta regluverkið



Gera leikreglurnar skýrari



Draga úr umsýslukostnaði minnstu félagana



Tryggja jafnvægi í upplýsingagjöf – lágmarka íþyngjandi kröfur



Ný skilgreiningu á stærðarflokkun félaga

	<u>Örfélög</u>	<u>Lítill</u>	<u>Meðalstór</u>	<u>Stór</u>	<u>PIE</u>
Hrein velta	<40	-1.200	-6.000	6.000+	Með skráð verðbréf á markaði Lífeyrissjóðir Lánastofnun Vátryggingarfélag
Heildareignir	<20	-600	-3.000	3.000+	
Ársverk	<3	-50	-250	250+	
Fjöldi	22.800 (82%)	4.850 (16,7%)	260 (1%)	90 (0,3%)	

Einföldun á regluverkinu snýr að miklu leyti að örfélögnum




Heimild til að skila einfaldri útgáfu af ársreikningi sem byggist á skattframtali - **Hnappurinn**



Krafa um yfirferð skoðunarmanna er felld brott fyrir þau félög sem teljast til örfélaga og nýta sér Hnappinn



Ekki er gerð krafa um skýrslu stjórnar og sjóðstreymi



Reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga örfélaga byggð á skattframtölum („Hnappurinn“) 15. nóvember 2016

 Aukið flækjustig

Miðað við reglugerðina um „Hnappinn“ er óvíst hvort hann feli í sér mikla einföldun

1

Efnahagsyfirlit

Fastafjármunir, veltufjármunir, eigið fé, langtímaskuldir og skammtímaskuldir

2

Rekstraryfirlit

Frá rekstrartekjum til hagnaðar eða taps ársins og allt þar á milli

3

Skuldbindingar

Heildarfjárhæðir allra fjárhagsskuldbindinga, ábyrgða eða **ófyrrisjáanlegra** skuldbindinga sem ekki koma fram á efnahagsreikningi.

4

Tengdir aðilar

Fyrirframgreiðslur og lánveitingar til stjórnenda og eigenda félagsins

5

Viðskipti með eigin bréf

Ástæður viðskiptanna, heildarfjöldi keyptra og seldra bréfa og upplýsingar um kaup- og söluverð.

Gildistaka - Afturvirk

Lagabreytingarnar voru samþykktar í júní 2016 og lögin birt í heild sinni 15. nóvember 2016



Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir reikningsár sem hefst 1. janúar 2016 eða síðar



Ársfjórðungsuppgjör birt eða í vinnslu



Enginn tími gefinn til innleiðingar eða túlkunar



Ennþá eru til staðar atriði sem óvissa er varðandi túlkun



Nú þurfa öll félög að skila ársreikningum sínum á íslensku

01

7. gr.: "**..ávallt vera á íslensku en að auki á ensku ef þörf krefur**"

02

Kallar á mikla auka vinnu hjá þeim aðilum sem áður hafa nýtt sér heimildir til að gera ársreikning á erlendu tungumáli

03

Félög sem voru með erlendan starfsrækslu-gjaldmiðil gátu gert ársreiknings á ensku (eða dönsku)

04

Afturför:
Hver er tilgangur þessara breytinga?

Breytingar á kröfum um endurmat varanlegra rekstrarfjármuna

Breytingar á 31. gr. – endurmat

- 1.mgr: Heimilt er að færa varanlega rekstrarfjármuni á gangvirði. Séu varanlegir rekstrarfjármunir endurmetnar skal endurmat **fara fram árlega**.
- 4.mgr: Hagnaður eða tap sem myndast þegar eign skv. 1.mgr er seld eða tekin úr notkun eða forsendur fyrir endurmatinu eru ekki lengur fyrir hendi skal færa í rekstrarreikning.
- 5.mgr: Óheimilt er að úthluta arði úr endurmatsreikningi.

Spurningar sem vakna

- Veitt heimild til þess að færa varanlega rekstrarfjármuni á gangvirði en jafnframt skylda félög þá til að framkvæma endurmat varanlegra rekstrarfjármuna árlega, sem er ekki í samræmi við kröfur IAS 16 sem eru mun sveigjanlegri .
- IAS 16 (varanlegir rekstrarfjármunir), endurmatslíkan heimilt en tíðni endurmats er háð tíðni breytinga, þ.e. ekki árlegt.
- IAS 40 (fjárfestingaeignir), gangvirðislíkan heimilt, gangvirði metið árlega.
- Hvað með eignir sem hafa verið endurmetnar fyrir 1.1.2016?

Með breytingunum var gerð veruleg breyting á meðferð viðskiptavildar

24. gr.

[...Texti felldur út...]

Ávallt skal afskrifa viðskiptavild á 10 árum og einnig afskrifa þróunarkostnað á 10 árum ef ekki er hægt að skilgreina nýtingartíma hans.

Ef það er sérstökum vandkvæðum bundið að ákvarða nýtingartíma óefnislegra eigna skal miða við að nýtingartími eignarinnar sé tíu ár og jafnframt skal í skýringum greina frá ástæðum fyrir vandkvæðum við að áætla nýtingartímamann.


Hvað felst í þessu?

- Viðskiptavild verður nú afskrifuð á 10 árum, en tilskipunin segir 5-10 ár
- Afskrifa skal þróunarkostnað sem er með ótakmarkaðan líftíma á 10 árum.
- Ekki skýr umfjöllun um virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild
- Innleiðingarákvæði

Bundin gangvirðisbreyting vegna fjáreigna

Breytingar á 38. gr. – gangvirðisbreytingar

- Í rekstrarreikning skal færa þær breytingar á virði fjármálagerninga og skuldbindinga sem metnar eru í samræmi við 37. gr. **Færa skal sömu fjárhæð vegna matsbreytingar á fjáreignum tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu af óráðstöfuðu eigin fé á gangvirðisreikning á meðal eigin fjár sem óheimilt er að úthluta arði af að teknu tilliti til skattáhrifa eftir því sem við á.**

- 
- Gildistaka
 - Neikvæð staða (óinnleyst tap)
 - Gæta að því að þetta sé ekki tvítekið

Bundinn hlutdeildarreikningur

Eðli breytinganna er:

- Nemi hlutdeild, sem færð er í rekstrareikning, hærri fjárhæð en sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, **skal mismunurinn færður á „bundinn hlutdeildarreikning“ á meðal eigin fjár.**
- **Hlutdeild í bundnum eiginfjárreikningum hjá dóttur- eða hlutdeildarfélögum skal færa á samsvarandi bundna eiginfjárreikninga félagsins.**

01

Ekki heimilt að jafna saman hagnaði eins félags á móti tapi annars félags

02

Heimilt að jafna á móti arðgreiðslum vegna þeirra tímabila sem eru bundin

03

Ekki heimilt að mynda neikvæða stöðu

04

Gæta þarf að því að leiðrétta fyrir bundnum reikningum dótturfélaga þegar það á við

Skýrsla stjórnar skal nú hafa að geyma margvíslegar ófjárhagslegar upplýsingar



1

Félag sem fellur undir 9. tölul. og d-lið 11. tölul. 2. gr. og móðurfélög stórra samstæðna.



2

Skýrslu stjórnar þurfa að fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál



3

Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum ásamt viðbótarkröfum

Er megintilgangnum náð?

Einföldun fyrir félög í landinu



Betrumbæta regluverkið



Gera leikreglurnar skýrari



Draga úr umsýslukostnaði minnstu félagana



Tryggja jafnvægi í skýrslugjöf – lágmarka íþyngjandi kröfur



Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 245.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.